

141. löggjafarþing 2012–2013.  
Þingskjal 1135 — 608. mál.  
2. umræða.

## Nefndarálit

um frumvarp til laga um breytingu á tollalögum, lögum um vörugjald og lögum um virðisaukaskatt, með síðari breytingum (dreifing gjalddaga).

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Halldór Árnason frá Samtökum atvinnulífsins.

Frumvarp þetta varðar breytingu á hefðbundnum gjalddögum aðflutningsgjalda og vörugjalda vegna uppgjörstímabila á árinu 2013. Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem varð að lögum nr. 18/2012 á síðasta þingi og varðaði tilgreind uppgjörstímabil á árinu 2012. Lögð er til sem fyrr sú framkvæmd að síðari helmingi aðflutningsgjalda skuli skila eigi síðar en á 5. degi annars mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt óbreytt**.

Alþingi, 5. mars 2013.

Helgi Hjörvar,  
form., frsm.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Magnús Orri Schram.

Árni Þór Sigurðsson.

Skúli Helgason.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Pétur H. Blöndal.

Eygló Harðardóttir.

Lilja Mósesdóttir.

